

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um íþróttá- og tómstundastarf barna.

1. *Hefur verið unnin stefna um þátttöku barna hælisleitenda og flóttafólks í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi?*

Meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og frístundastarfs er að efla innviði, auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og frístundastarf, þ.m.t. að unnið verði að því að efla nýjar svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar sem vinna að því að efla faglegt starf innan íþróttafélaga um allt land með áherslu á jöfn tækifæri til þátttöku í íþróttastarfi, stuðning við þjálfara, farsæld barna, lýðheilsu og sjálfbærni starfs. Ekki hefur verið unnin sérstök stefna af stjórnvöldum eða öðrum aðilum um þátttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólks í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Hins vegar er í stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030 lögð áhersla á að ná til jaðarsettra hópa og auka þátttöku þeirra. Stefnan byggist m.a. á því sjónarmiði að þátttaka í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi sé mikilvægur vettvangur samfélagslegrar þátttöku og stuðli að mannréttindum, félagslegri aðild, skoðanaskiptum, jafnrétti og virkri þátttöku. Öll börn og ungmenni eiga því rétt á þátttöku í tómstundum og skapandi starfi en eitt af undirbúningum stefnunnar leggur áherslu á að samsetning hópa sé fjölbreytt er varðar bakgrunn og reynslu, m.a. jaðarhópa. Þá hefur mennta- og barnamálaráðuneyti gert samninga við íþróttafélög, svo sem í Reykjanesbæ, sem tekur mið af þeirri áherslu að auka þátttöku barna sem hlotið hafa alþjóðlega vernd og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íþróttá- og frístundastarfi.

2. *Eru gerðar sérstakar ráðstafanir í samningum ríkisins og sveitarfélaga til að tryggja börnum í viðkvæmri félagslegri stöðu aðgengi að íþróttá- og tómstundastarfi?*

Á vegum ríkis og sveitarfélaga eru gerðar ýmsar ráðstafanir til að tryggja jöfn tækifæri barna til þátttöku í íþróttá- og frístundastarfi. Má þar nefna að flest sveitarfélög eru með frístundastyrki fyrir börn yngri en 18 ára. Þá er í gildi samningur mennta- og barnamálaráðuneytis við ÍSÍ og UMFÍ um stuðning við átta svæðisstöðvar íþróttahéraða sem leggur sérstaka áherslu á börn í viðkvæmri félagslegri stöðu. Í tengslum við svæðisstöðvarnar veitir hvata-sjóður íþróttahreyfingarinnar styrki til verkefna um allt land sem eiga að styðja m.a. við aukna þátttöku allra barna í íþróttum, með áherslu á aukna þátttöku fatlaðra barna, barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn auk barna frá tekjulægri heimilum. Mörg þessara verkefna taka mið af markmiði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, þar sem þjónustuveitendum sem starfa með börnum ber að hafa samráð og samstarf með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Að þessum verkefnum koma því íþróttafélög sem í hlut eiga, svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna, starfsfólk farsældarráða landshluta og viðkomandi sveitarfélög. Árangur af þessu starfi er þegar farinn að koma í ljós, þar á meðal með bættri upplýsingagjöf og má þar nefna útgáfu bæklingisins *Vertu með!* á níu tungumálum og er ætlaður foreldrum

barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í bæklingnum má finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga landsins.

*3. Er til skoðunar að efla þátttöku barna innflytjenda í íþróttá- og tómstundastarfi sem hluta af aðlögun þeirra að íslensku samfélagi?*

Nú þegar eiga stjórnvöld og sveitarfélög í samstarfi við ýmsa aðila um land allt um verkefni þar sem unnið er markvisst að því að auka þátttöku allra barna í íþróttá- og frístundastarfi, þar á meðal barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Vísast í þeim efnum jafnframt til umfjöllunar í 2. tölul. fyrirspurnarinnar. Þá má greina þessar áherslur hjá stuðningssjóðum sem styðja íþróttá- og frístundastarf en ekki síður farsældarstyrkjum sem mennta- og barnamálaráðuneyti hefur veitt vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.